



Læsisstefna Vinagerðis.- Drög

Í *Lesið í leik læsisstefna leikskóla stendur* „Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu.“ 2013:5

Læsisnám í Vinagerði:	Fleiri tækifæri til að æfa læsisnám:
Lestur barnabóka.	Að lesa framhaldssögur, ljóð og þulur. Teikna myndasögur. Spunasögur. Sögukassar. Loðtöflur.
Bókaormurinn; Börnin koma með bók að heiman á þeirra tungumálisem er lesin fyrir barnahópinn.	Börnin gefa bókinni umsögn sem er skráð fyrir þau. Bókaormurinn gerður sýnilegur með umsögnum barnanna.
Sagt frá höfundum bóka.	Fá rithöfunda, ömmur og afa í heimsókn til að lesa í samverustundum
Söngur. Heimamenning barna; Börnin koma með CD diska að heiman og barnahópurin hlustar á uppáhaldslag þess á diskinum	Að rappa, kveða, syngja keðjusöng og fimmundarsöng. Syngja í hljóði. Nota hljóðgjafa. Draga miða með lagi í „vinastund“
Söngtekstar og kvæði	Semja ljóð, lög, hækur og myndskreyta. Hafa þetta sýnilegt.
Merking orða: Bók og tölustafir eru meðal leikefnis.	Eitt orð á viku til þælingar á öllum deildum. Nota líka tungumál erlendu barnanna. gera bók- og tölustafi sýnilega.
Ritmálið er sýnilegt.	Merkja hirslur og ílát með leikföngum, kennslugögnum og öðrum efnivið fyrir börn.
Fræðslubækur og tímarit	Huga sérstaklega að jöfnuði kynjanna og margbreytileika. T.d fólk að öðrum litarhætti og frá annarri menningu og fatlað fólk.
Setja orð á athafnir. Stuðla að góðum samskiptum og vináttu.	Söngla hvað við erum að gera eða ætlum að gera. Deila skoðunum og hugmyndum.
Hlustun.	Endursegja og standa upp og tjá sig. Hlusta á þögnina greina hljóð.
Ég sjálfur/fjölskyldan mín.	Læra eigin afmælisdaga, heimilisföng, símanúmer mömmu eða pabba og númerið 112. Skoða margs konar kort, s.s götukort.
Þjóðfánar. Íslensk menning.	Mynstur og tákn. Menning annarra þjóða.
Þæla í jurtum og skoða. Vökva blómin í leikskólanum.	Læra plöntuheiti. Greina og flokka.
Sérheiti. Umhverfi og landslag.	Umhverfislæsi. Fjöll eiga heiti. Kynna fjallahringinn. Skoða landslagsmyndir og teikna.

Gönguferðir.	Lesið veðrið, heiti yfir veður og veðratákn. Kraftgöngur.
Að taka tillit til annara og vera vinur.	Setja orð á tilfinningar og læra að lesa líkamstjáningu
Myndlist og sköpun.	Listaverkabækur, listasöfn.
Myndefni (ljósmyndir) frá öðrum löndum úr blöðum og bókum settar upp á vegg.	Menningarlæsi. Hvetja börnin til frásagna um myndirnar og semja sögur út frá þeim.
Kubbavinna /sköpun.	Hengja upp myndir af ýmiskonar byggingum við kubbasvæði
Að hafa hlutverk og læra að merkja við sjálfur á nafnalista; ljósameistari, ávaxtabarn, umhverfisstjóri, veðurfræðingur o.fl	Taka þátt í mati og ákvörðunum.

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. (Aðalnámskrá leikskóla 2011:42)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gaf út árið 2013 bækling sem heitir; Lesið í leik- læsisstefna leikskóla. Þar er meðal annars kynning á bernskulæsi, hlutverki leikskóla, hugmyndum og fræðslu um hvað læsisstefna leikskóla er og hvað hún verður að innihalda.

Þar kemur fram að allir leikskólar Reykjavíkur eigi að gera áætlun um læsi sem er byggð á læsisstefnu fyrrgreindar stefnu Reykjavíkur og aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Sjá nánar: <http://reykjavik.is/lesid-i-leik-laesisstefna-leikskola>

Gert 2. Apríl, 2014. Endurskoðun fari fram á skipulagsdegi að hausti 2014